

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	7.11.2012	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Neskaupstað	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón B. Magnússon	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá starfsleyfi komu í ljós í eftirlitinu. Gerðar voru athugasemdir við það grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað of seint og að niðurstöður TVN mælinga hafa ekki verið sendar til eftirlitsaðila. Gert er ráð fyrir að nýr búnaður til meðhöndlunar á útblásturslofti verði að fullu kominn í gagníð í upphafi árs 2013.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með verksmiðjustjóra. Farið var yfir starfsleyfi fyrirtækisins og síðustu eftirlitsskýrslu. Ein kvörtun hefur borist Heilbrigðiseftirliti Austurlands vegna starfseminnar það sem af er árinu. Þann 21. mars sl. kvartaði íbúi í Neskaupstað vegna lyktar frá verksmiðjunni. Daginn áður höfðu hráefnistankar verksmiðjunnar verið tæmdir alveg þar sem framundan var vinnslustöðvun í tengslum við viðhald og var lyktarmengunin rakin til þess.

Enn er unnið að endurbótum á verksmiðjunni sem miða að því að keyra verksmiðjuna á rafmagni í stað olíu. Efnaturn sem meðhöndlar umfram útblástursloft hefur verið tekinn í notkun og reistur hefur verið nýr 35 metra hár skorsteinn, hraði útblásturslofts frá skorsteininum er yfir 20m/sek. Gert er ráð fyrir því að þessum endurbótum verði lokið í upphafi árs 2013

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað 25.06.2012 en skv. starfsleyfi á fyrirtækið að skila grænu bókhaldi 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

Sýnatökur á fráveituvatni frá verksmiðjunni fóru fram sl. vetur og sýnin rannsökuð m.t.t. COD, svifefna og BOD, mælingar á fitu í frárennsli höfðu hinsvegar ekki farið fram þegar verksmiðjan var heimsótt. Þessa dagana eru starfsmenn að vinna úr gögnum og niðurstöðum mælinganna og gert er ráð fyrir því að niðurstöður sýnatökunnar verði sendar til Umhverfisstofnunnar á næstu vikum. Mælingar á fráveituvatni misfórust árið 2011.

TVN gildi í hráefni er mælt reglulega en niðurstöður þeirra hafa ekki verið sendar til eftirlitsaðila eins og kveðið er á um í starfsleyfi.

Eftir fundinn var verksmiðjan skoðuð í fylgd verksmiðjustjóra sem gerði meðal annars grein fyrir framkvæmdum varðandi framkvæmdir við breytta meðhöndlun útblásturslofts. Snyrtilegt var um að litast í verksmiðjunni og á athafnavæði hennar og hvergi sáust ummerki um mengun eða óþrifnað sem rekja mátti til starfseminnar

ATHUGASEMDIR

Grænu bókhaldi vegna ársins 2011 var skilað 25.06.2012 en skv. lið 1.7 í starfsleyfi á að skila grænu bókhaldi fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan.

Í samræmi við grein 3.19. þarf að skila niðurstöðum TVN mælinga til eftirlitsaðila 1. maí, 1. september, og 1. janúar fyrir fjögurra mánaða tímabil hverju sinni.

ANNAÐ

Í kjölfar eftirlitsferðarinnar var bent á að mælingar á fitu í fráveituvatni frá verksmiðju höfðu ekki farið fram, aðeins var mælt BOD, svifagnir og COD. Í kjölfarið var tekið sýni af fitu í fráveituvatni og búrúst niðurstöður sýnatökunnar til eftirlitsaðila þann 22. nóvember

Reykjavík, 18.12.2012

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.